



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2014
Tilvísun: 201406-0007

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu vegna kísilmálmframleiðslu Thorsil í Helguvík.

Mannvirkjastofnun hefur, að beiðni yðar í bréfi dags. 20. október 2014 tilv. 201409064/5.3, yfirfarið innsenda frummatsskýrslu Mannvits verkfræðistofu; Kísilmálmverksmiðja Thorsils í Helguvík, Reykjanesbæ, dags. okt. 2014 að því marki sem slík starfsemi heyrir undir lög nr. 75/2000 um brunavarnir.

Í skýrslunni kemur fram í töflu á bls. 27 að verksmiðjan notar umtalsvert magn kola, koks og timburs. Öll þessi efni eru brennanleg og/eða sprengifim og kalla á umtalsverð viðbrögð af hálfu slökkviliðs sveitarfélagsins bæði á lóð verksmiðjunnar og við flutning á þeim að verksmiðjunni og verður að gera ítarlega grein fyrir slíku í matsskýrslu og áhættumati fyrir starfsemina.

Mannvirki yfir slíka verksmiðju kallar einnig á brunahönnun þeirra og starfseminnar og má í því sambandi benda á ákvæði í 22. gr. laga um brunavarnir og grein 9.2.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar

Guðmundur Gunnarsson,
yfirverkfræðingur